

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
b.t. Stellu Rúnarsdóttur
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 7. október 2021
UST202109-080/A.Þ.
10.04.03

Efni: Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 – Torfastaðir 1

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. er barst 8. september þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshreppi 2008-2020 fyrir Torfastaði 1.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að 25 ha landbúnaðarland verður skilgreint sem frístundasvæði fyrir allt að 30 lóðir. Jafnframt er núverandi vatnsból Torfastaðabæjanna skilgreint nýtt brunnsvæði vatns.

Forsendur

Í greinargerð kemur fram að tilefni breytingarinnar er vaxandi eftirspurn eftir frístundalóðum í sveitarfélaginu. Að auki kemur fram að ekki liggja fyrir upplýsingar um hversu margar af þegar skilgreindum frístundalóðum hafa verið byggðar en stefnt sé að því að taka saman þær upplýsingar í næstu heildarendurskoðun aðalskipulagsins til að meta hversu víðfeðmum vaxtarsvæðum fyrir frístundabyggð sé raunhæft og æskilegt að gera ráð fyrir.

Umhverfisstofnun bendir á að nú er í kynningu tillaga að heildarendurskoðun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032 en þar hafa þessar upplýsingar komið fram. Þar kemur fram fjöldi frístundasvæða og hve margar lóðir hafa verið skipulagðar og hve margar hafa nú þegar verið byggðar. Skv. þeim upplýsingum er ljóst að í sveitarfélaginu eru mörg frístundasvæði skilgreind sem enn eru óbyggð. Það er mat Umhverfisstofnunar að uppbygging haldi áfram á þeim svæðum sem eru þegar skilgreind sem frístundasvæði, en komist hjá því að fara inn á svæði sem eru óröskuð, á hverfisverndarsvæðum eða á svæðum á náttúruminjaskrá.

Náttúruminjaskrá

Í greinargerð kemur fram að svæðið er innan afmarkaðs svæðis á náttúruminjaskrá nr. 747 (C-hluta). Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að Náttúrufræðistofnun Íslands hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja en hún er skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum.

Tillögurnar hafa verið birtar á heimasíðu stofnunarinnar og fela í sér mat á verndargildi þeirra svæða sem þar eru tilgreind. Skipulagssvæðið er á svæði sem kallast *Sogið-Pingvallavatn* en mörk þess liggja að ármótum við Hvítá í suðri, ásamt 100 m verndarjaðri meðfram bökkum vatnsins og árinna. Svæðið er tilnefnt vegna fuglalífs en það er mikilvægt svæði fyrir himbrima á vorin og haustin og fyrir húsönd og gulönd á veturna.

Mikil og vaxandi frístundabyggð er nefnd sem ein helsta ógnin við svæðið en víða er hún of nærri ár- og vatnsbökkum og henni fylgir lífræn mengun. Í greinargerð er tekið fram að byggingarreitir verði í 100 m fjarlægð frá vatnsbökkum. Umhverfisstofnun bendir á að æskilegt er að mörk lóðanna séu ekki nær en 100 m frá bökkum til að raska ekki svæði sem er á náttúruminjasrá. Svæðið er einnig flokkað sem alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði skv. skrá alþjóðlegu fuglaverndarsamtakanna BirdLife International. Því telur Umhverfisstofnun mikilvægt að gerðir séu skilmálar um að framkvæmdir skuli eiga sér stað utan varptíma.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjasrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila áður en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila.

Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar um svæðið til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjasrár verður samþykkt af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

Virðingarfyllst,

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur